

Kirkjuþing 2022-2023

6. mál - þskj. 6

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Glaumbæjar-, Hofsós og Hóla-, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestaköll sameinast í eitt nýtt prestakall, Skagafjarðarprestakall.

#### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2023.

#### Greinargerð.

Biskupafundur leggur hér fram tillögu að sameiningu Glaumbæjar-, Hofsós og Hóla-, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestakall í eitt prestakall, Skagafjarðarprestakall. Gert er ráð fyrir því að þrír prestar þjóni í hinu nýja prestakalli.

Biskupafundur samþykkti að kynna og fá umsagnir úr héraði um tillögu að sameiningu ofangreindra prestakalla. Biskup sendi viðkomandi prestum og sóknarnefndum bréf, dags. 22. ágúst 2022 þar sem málið var kynnt og kallað er eftir umsögnum. Í bréfinu kom fram að biskupafundur tæki ákvörðun um það hvort tillagan eða aðrar sem kunna að koma frá heimafólki fari sem mál fyrir kirkjuþing sem hefst þann 22. október n.k. Fram kom að tillagan byggist á þeirri stefnu biskupafundar að sameina prestaköll og efla samvinnu presta sín í milli.

Biskupafundur hefur frá árinu 2018 unnið að stefnumótun um nýskipan prestakalla á landsvísu. Héraðsmódelið svokallaða er fyrirmyndin, en hún er byggð á samvinnu presta og sérstakri ábyrgð hvers og eins á ákveðnum sóknum í prestakallinu og ábyrgð hvers og eins í ákveðnum málaflokkum. Nafngift þessi á rætur að rekja til sameiningar fjögurra prestakalla á Héraði á Austurlandi.

Kostir stærri prestakalla eru:

- a. betri og fjölbreytilegri þjónusta fyrir sóknarbörn, sem fá aðgang að fleiri prestum
- b. meiri sérhæfing prestsþjónustunnar
- c. betra starfsumhverfi prestanna með jöfnun þjónustubyrði
- d. betri nýting fjármuna og annarra auðlinda

Umsögn barst frá sóknarnefnd Sauðárkrókssóknar sem hljóðar svo:

Sóknarnefnd Sauðárkrókssóknar hefur fjallað um sameiningu prestakallanna í Skagafirði. Sóknarnefndin leggst ekki gegn sameiningu prestakalla en óskar eftir því að tekið verði tillit til eftirfarandi atriða. Við sem störfum í umboði safnaðarins og berum ábyrgð gagnvart honum vonumst til ef af sameiningu prestakalla verður leiði það af sér betra skipulag, jafnari þjónustu og manneskjulegra álag á prestana. Við leggjum áherslu á að allur undirbúningur af hálfu Biskupstofu og annarra í heimahéraði verði skýr og boðlegur. Allar breytingar taka á, meðan á þeim stendur. Því er mikilvægt að breytingar séu unnar í samvinnu við heimafólk, þau sem nota þjónustuna og þau sem vinna gjarnan sjálfbúið starf í þágu kirkjunnar. Fólkið í kirkjunni þarf að vera upplýst og upplifa að það hafi eitthvað að segja um framtíðarskipan í þeirra kirkju. Einnig óskum við eftir því að skoðað verði hvort ekki er hægt að ráða æskuliðsfulltrúa í hið nýja prestakall.

Virðingarfyllst

F.h. sóknarnefndar Sauðárkrókssóknar

Ingimar Jóhannsson

Einnig barst umsögn frá fundi um sameiningu prestakallanna fjögurra í Skagafirði sem haldinn var á Löngumýri 15. september sl. Umsögn fundarins á Löngumýri er eftirfarandi:

Verði niðurstaðan sú að fækkað verði um einn prest í Skagafirði leggur fundurinn þunga áherslu á það, að fjármunir fáiast hjá þjóðkirkjunni til þess að unnt verði að ráða a.m.k. í hlutastarf starfsmann, sem sinnt gæti barna- og æskulýðsmálum og létt þannig starfsálagi presta. Jafnframt að breytingin taki ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi um næstu áramót.

Undir umsögn þessa rituðu allir fundarmenn, 22 að tölu.

Í ljósi ofangreindrar umsagna ákvað biskupafundur að leggja fram málið með greinargerð á kirkjuþingi 2022-2023.